



STARFSÁÆTLUN
FRÆÐSLUSVIÐS
2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk.....	4
Skipurit	5
Starfsfólk fræðsluskrifstofu.....	5
Skólaþjónusta.....	6
Skólar í Reykjanesbæ	6
Íþróttir og tómstundir	7
Litið yfir farinn veg - uppgjör starfsáætlunar 2019	8
Heimsmarkmið	9
Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030	10
Helstu áherslur 2020	11
Reglubundin verkefni	13
Viðauki: Lykiltölur.....	14
<i>Tafla 1. Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar 2019-2020.....</i>	<i>14</i>
<i>Tafla 2. Fjöldi kennara í grunnskólum Reykjanesbæjar 2019-2020.....</i>	<i>14</i>
<i>Tafla 3. Fjöldi nemenda í leikskólum Reykjanesbæjar 2019-2020.....</i>	<i>14</i>
<i>Tafla 4. Fjöldi leikskólakennara í leikskólum Reykjanesbæjar 2019-2020.....</i>	<i>15</i>
<i>Tafla 5. Nemendur og starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar skólaárið 2019-2020</i>	<i>15</i>
<i>Tafla 6. Fjöldi nemenda í grunnskólum með íslensku sem annað tungumál 2019-2020</i>	<i>16</i>
<i>Tafla 7. Fjöldi nemenda í leikskólum með íslensku sem annað tungumál 2019-2020</i>	<i>16</i>
<i>Tafla 8. Árangursmælikvarðar</i>	<i>17</i>



Inngangur

Starfsáætlun fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar hefur það hlutverk að samhæfa starfsemi sviðsins og skilgreina helstu áherslur og umbótaverkefni á árinu 2020.

Mikilvægt er að huga sífellt að umbótum, þróun og nýsköpun á sviði menntamála með það fyrir augum að búa börnum sem best umhverfi til að alast upp í og þroskast.

Á síðasta ári var unnið að stefnumörkun fyrir Reykjanesbæ og var ný stefna sem ber yfirskriftina *Reykjanesbær – í krafti fjölbreytileikans* staðfest í bæjarstjórn þann 1. október 2019. Nýju stefnunni er ætlað að vera okkur leiðarljós til ársins 2030 en í henni er meðal annars tekið mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í þeirri starfsáætlun fræðslusviðs sem hér er lögð fram er tekið mið af þessari nýju stefnumörkun sveitarfélagsins og munu áherslur og verkefni ársins 2020 bera þess merki. Að öðru leyti er uppbygging starfsáætlunarinnar með hefðbundnu sniði þar sem skipulagi og eðli starfseminnar er lýst, greint frá helstu hlutverkum og markmiðum þjónustunnar og að endingu birtar ýmsar lykiltölur fyrir fræðslusviðið.

Nú sem fyrr komu allir starfsmenn skrifstofunnar að vinnu við mótun starfsáætlunarinnar. Hún er sameiginleg fyrir alla málaflokka innan fræðslusviðsins, þ.e. skóla-, íþrótt- og tómstundamál, enda leggur fræðslusvið áherslu á að menntun barnanna okkar fer ekki einungis fram í skólum, heldur einnig í íþrótt- og tómstundastarfi.

Starfsáætluninni er enn fremur ætlað að vera lifandi skjal og í stöðugri endurskoðun.

Fyrir hönd starfsfólks fræðslusviðs,

Helgi Arnarson sviðsstjóri.



Hlutverk

- Fræðsluskrifstofa annast stjórnábyrgð, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins.
- Fræðslusvið hefur umsjón með rekstri, áætlunargerð og skólaþjónustu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla Reykjanesbæjar.
- Fræðslusvið veitir leik- og grunnskólum skólaþjónustu í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og er lögð áhersla á að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Fræðslusvið veitir jafnframt skólaþjónustu fyrir grunn- og leikskóla í Suðurnesjabæ samkvæmt þjónustusamningi. Þá veitir sviðið einnig sálfræðiþjónustu við Fjölbautaskóla Suðurnesja samkvæmt þjónustusamningi.
- Fræðslusvið hefur umsjón með daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Fræðslusvið hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja í bæjarfélaginu.
- Fræðslusvið annast rekstur félagsmiðstöðvar og ungmennahúss og hefur umsjón með forvarnarstarfi fyrir börn og unglinga.
- Fræðslusvið annast samskipti og hefur umsjón með samningum við íþrótt- og tómstundafélög bæjarfélagsins.

Skipurit



*Stjórnskipulagið tók gildi 1. september 2019

Starfsfólk fræðsluskrifstofu

Anna Hulda Einarsdóttir <i>kennsluráðgjafi</i>	Berglind Ósk Guðmundsdóttir <i>talmeinafræðingur</i>	Einar Trausti Einarsson <i>yfirsálfræðingur</i>	Erla Hafsteinsdóttir <i>talmeinafræðingur</i>	Hafsteinn Ingibergsson <i>forstöðumaður íþr.mannvirkja</i>
Hafþór Barði Birgisson <i>íþróttá- og tómstundafulltrúi</i>	Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir <i>verkefnastjóri ÍSAT</i>	Haraldur Axel Einarsson <i>grunnskólafulltrúi</i>	Helgi Arnarson <i>sviðsstjóri</i>	Hulda María Einarsdóttir <i>sálfræðingur</i>
Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir <i>leikskólafulltrúi</i>	Katrín Ruth Þorgeirsdóttir <i>hegðunarráðgjafi</i>	Kolfinna Njálisdóttir <i>deildarstjóri skólaþjónustu</i>	Kristín Guðrún Reynisdóttir <i>sálfræðingur</i>	Lára Björg Grétarsdóttir <i>sálfræðingur</i>
Ólöf Kristín Guðmundsdóttir <i>kennsluráðgjafi</i>	Vigdís Karlsdóttir <i>kennsluráðgjafi</i>	Þórdís Elín Kristinsdóttir <i>hegðunarráðgjafi</i>		

Skólapijónusta

Skólapijónustan beinist að því að efla skólana sem faglegar stofnanir sem leyst geta flest þau viðfangsefni sem upp kunna að koma í skólasterfinu. Skólapijónustan veitir þjónustu í samræmi við áherslur sem fram koma í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584 frá 25. júní 2010.

Skólapijónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemenda ávallt höfð að leiðarljósi. Þá er lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð, þar sem stuðst er við viðurkenndar aðferðir og klínískar leiðbeiningar.

Lögð er áhersla á öflugt samstarf milli skólastiga og að veita heildræna þjónustu fyrir börn á aldrinum 2-16 ára. Í því skyni er lögð áhersla á að veita þjónustu sem mótast af þörfum hvers barns, en ekki af skólastigi þess.

Skólar í Reykjanesbæ

Starfandi eru tíu leikskólar í Reykjanesbæ. Leikskólarnir kappkosta að bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt leik- og námsumhverfi. Leikur er meginnámsleið barnanna í leikskólunum. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar.

Í Reykjanesbæ starfa sjö grunnskólar. Grunnskólarnir eru hverfaskiptir og hafa hver sína sérstöðu en allir leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag, hvetjandi námsumhverfi og að veita góða alhliða menntun í samstarfi við heimilin.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemendur eru á öllum aldri og öllum námsstigum upp að háskólastigi. Kennir er á öll hefðbundin hljóðfæri auk söngs, innan klassískrar og rytmískrar tónlistar.



Íþróttir og tómstundir

Í Reykjanesbæ er fjölbreytt íþróttá- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni á öllum aldri. Félagsmiðstöðin Fjörheimar er starfrækt fyrir ungmenni í 5. - 10. bekk. Þar er lögð áhersla á að efla jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl ungs fólks með því að bjóða upp á vímuefnalaust og öruggt umhverfi. Innra starf félagsmiðstöðvarinnar byggir fyrst og fremst á unglingalýðræði og frumkvæði ungmennanna sjálfra.

88 húsið er ungmennahús fyrir ungmenni 16-25 ára. Þar er m.a. stuðlað að þátttöku með öðrum ungmennahúsum og samstarfi við nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Í Reykjanesbæ eru fjölmennustu íþróttafélögin Keflavík og Njarðvík. Bæði félögin eru með deildir sem starfa sem fyrirmyndarfélög ÍSí. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar, ÍRB, hefur það markmið að vinna að eflingu og skipulagningu íþróttastarfsemi í bænum.



Litið yfir farinn veg - uppgjör starfsáætlunar 2019

Áður en við förum yfir helstu áherslur fyrir árið 2020 þá er rétt að fara í nokkrum orðum yfir hvernig til tókst með að framfylgja starfsáætlun ársins 2019.

Sem fyrr var árið 2019 viðburðaríkt á fræðsluviðinu. Skólahúsnæðið við Dalsbraut var stækkað þannig að nemendur í 1.-5. bekk sem eru búsettir í Dalshverfi gátu hafið þar nám á nýju skólaári. Skólinn sem hlotið hafði nafnið Stapaskóli varð sjálfstæður frá haustinu og voru ráðnir nýir skólastjórnendur til þess að leiða það starf. Til að mæta áframhaldandi fjölgun nemenda voru settar lausar skólastofur við Myllubakkaskóla og leikskólann Hjallatún. Öspin við Njarðvíkurskóla var stækkuð og með rúmlega 280 fermetra viðbyggingu getum við nú veitt 50% fleiri börnum með þörf fyrir sértækt námsúrræði viðeigandi þjónustu.

Önnur helstu framkvæmdaverkefni sem tengjast skólunum okkar voru þau að lokið var við síðari áfanga í endurgerð skólalóðar við leikskólann Völl og endurbætur voru gerðar á vinnuástöðu í Holtaskóla og Myllubakkaskóla. Mikill kraftur var í byggingu Stapaskóla en til stendur að hefja skólastarf þar næsta haust.

Haldið var áfram að þróa verklag skólaþjónustunnar. Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi læsisskimana og gerðar tilraunir með sérstök rýnisamtöl kennsluráðgjafa og kennara á yngsta stigi grunnskólanna. Hafin var innleiðing á sænska stöðumatinu fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum bæjarins en það er þróunar- og samstarfsverkefni sem unnið er með skólayfirvöldum í Árborg og Hafnarfirði. Samhliða var byrjað að leggja fyrir *Milli mála* prófið fyrir nemendur með íslensku sem annað mál sem hafa dvalið hér í tvö ár eða lengur. Þróun fræðsluefnis fyrir unglingastig um andlega heilsu og val hópúrræða fyrir börn með ADHD voru verkefni á starfsáætlun sem ekki var ráðist í en menntaðir voru leiðbeinendur til að halda PEERS námskeið og haldið áfram innleiðingu PMTO í samstarfi við velferðarsviðið.

Fræðsluviðið í samvinnu við velferðarsviðið vann ennfremur að verkefninu Fjölskyldan í fyrirrúmi sem hefur það markmið að auka þverfaglega samvinnu sviðanna í þjónustu við börn og fjölskyldur. Unnið verður áfram að skilgreindum verkefnum undir þeim formerkjum.

Breytingar voru gerðar á sértækum námsúrræðum. Eins og fyrr segir var Öspin við Njarðvíkurskóla stækkuð. Einnig var fjölgað lítilla plássum í Eikinni sem þjónar sérstaklega einhverfum nemendum. Goðheimar sem er sértækt námsúrræði fyrir yngri börn með mikinn hegðunarvanda var aflagt en um leið ráðinn annar hegðunarráðgjafi við skólaþjónustuna.

Lokið var við að koma upp nýrri aðstöðu fyrir bardagaþróttir, glímu, júdó, hnefaleika og Taekwondo að Smiðjuvöllum. Móttaka og afgreiðsla í Vatnaveröld var endurnýjuð í samræmi við kröfur nútímans og lokið var við síðari áfanga endurnýjunar á startbúnaði fyrir sundráð ÍRB.

Á árinu var unnið að framtíðar stefnumörkun fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja með forgangsröð og tímasettri framkvæmdaáætlun til ársins 2026. Einnig var lokið við hönnun á útisvæði við Vatnaveröld. Unnið var að því með góðum árangri að efla þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tólmundastarfi undir verkefnaheitinu *Vertu memm*. Hvatagreiðslur voru hækkaðar eins og undanfarin ár til að stuðla að aukinni þátttöku meðal allra barna og aldurinn jafnframt færður upp í 18 ár.

Þó að hér sé stiklað á stóru og aðallega tæpt á þeim verkefnum sem getið er um í starfsáætlun fræðsluviðsins 2019, þá er upptalningin langt frá því að vera tæmandi yfir þau fjölbreyttu og mikilvægu verkefni, lítil sem stór, sem unnin eru á sviðinu.

Heimsmarkmið

Starfsáætlun fræðsluviðs tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda til ársins 2030 eru 17 talsins með 169 undirmarkmið.

Við gerð starfsáætlunar fræðsluviðs fyrir árið 2020 er leitast við að tengja áherslur og þróunarverkefni sviðsins við tilheyrandi heimsmarkmið á sama tíma og horft er til nýrrar stefnumörkunar Reykjanesbæjar.



Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030

Ný stefna fyrir Reykjanesbæ og stofnanir hans 2020-2030 var samþykkt í bæjarstjórn 1. október 2019.

Í framtíðarsýn nýju stefnunnar sem ber yfirheitið *Í krafti fjölbreytileikans* er meðal annars kveðið á um að Reykjanesbær skuli vera fjölskylduvænn bær sem þroski og næri hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og menningarstarf.

Nýja stefnan setur enn fremur þjónustu við börn í öndvegi, en hér fyrir neðan má sjá sex helstu stefnuáherslurnar settar fram með myndrænum hætti.



Gildi nýju stefnunnar eru virðing, eldmóður og framsækni en þau eiga að vísa okkur veginn í öllum okkar daglegu athöfnum.



VIÐ BERUM **VIRÐINGU** HVERT FYRIR ÖÐRU, ERUM UMBURÐARLYND GAGNVART ÓLÍKRI MENNINGU OG MISMUNANDI AÐSTÆÐUM.



ELDMÓÐUR

VIÐ TÖKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG **ELDMÓÐI**. SÝNUM FRUMKVÆÐI OG ERUM STOLT AF OKKAR FRAMLAGI



FRAMSÆKNI

VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐINI MED ÁRÆÐNI OG ERUM **FRAMSÆKIN** VIÐ ÞRÓUN NÝRRRA LAUSNA.


Helstu áherslur 2020

Áherslur fyrir starfsárið 2020 taka mið af stefnuáherslum Reykjanesbæjar með *Börnin mikilvægust* í forgrunni. Þær lúta að fjölbreytilegu og kraftmiklu samfélagi, stuðningi og þróun mannaúðs, heilbrigði og velferð og framsækni og nýsköpun.

Verkefnin tengjast ennfremur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, einkum markmiðum **3 Heilsu og vellíðan**, **4 Menntun fyrir alla**, **5 Jafnrétti kynjanna**, **9 Nýsköpun og uppbyggingu** og **10 Auknum jöfnuði**.


Í krafti fjölbreytileikans

Áhersla lögð á **fjölmenningarlegt skólastarf** þar sem margbreytileika er fagnað, byggt á styrkleikum nemenda og stuðlað að **jöfnum tækifærum** fyrir öll börn. Áhersla sé einnig lögð á að koma til móts við **fjölbreyttar þarfir** barna í skóla-, íþrótt- og tómsundastarfi með það fyrir augum að þau verði **virkir þátttakendur** í samfélaginu.



Efling mannaúðs

Áhersla lögð á að efla fagmennsku í þágu skólasamfélagsins með því að stefna að **fjölgun fagmenntaðra** ásamt því að veita starfsfólki aðgengi að öflugri **endur- og símenntun**. Áhersla sé einnig lögð á að **bæta starfsaðstæður** ásamt því að auka samstarf og **samtal um skólastarf** sem felur í sér **faglegan stuðning**.




Heilbrigði og velferð

Áhersla lögð á að stuðla að **heilbrigði og velferð** nemenda og starfsfólks með það að markmiði að **auka lífsgæði** og jöfn tækifæri til heilbrigðs lífs og hamingju þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Áhersla sé einnig lögð á að skapa fleiri tækifæri til **samvista fjölskyldna** með samþættingu skóla- og tómsundastarfs.



Framsækni og nýsköpun

Áhersla lögð á að nýta **framsækna skóla** sem þroska og næra hæfileika allra með **gæða menntun** þar sem unnið er í átt að **sjálfbærni** og aukinni **nýsköpun** fyrir komandi kynslóðir. Áhersla er einnig lögð á **skilvirka þjónustu** sem hefur **fjölskylduna í fyrirrúmi** ásamt því að **skapa umhverfi** þar sem börn og starfsfólk fær tækifæri til þess að **blómstra** í leik og starfi til að auka **kraft samfélagsins**.



Hvert og eitt verkefni verður sett upp í „Prist“ en það er verkefnastjórnunartæki sem verið er að innleiða. Þar tilgreinum við ábyrgðaraðila, gerum grein fyrir núverandi stöðu, setjum fram markmið og skýrum frá helstu hindrunum og áhættum. Við skilgreinum einnig hvernig við sjáum framtíðarstöðu, hvernig verkefnum er fylgt eftir og hvernig bregðast eigi við frávikum.

Reglubundin verkefni fræðslusviðs

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Skimun – Lestur												
Logos 6. bekkur		Endurmat									Fyrirlögn	Skil
Logos 8. bekkur					Fyrirlögn							
Logos 9. bekkur								Skil		Endurmat		
Hljóm 2									Fyrirlögn		Skil	
Lesferill - Lesskimun fyrir 1.-10. bekk	Fyrirlögn				Fyrirlögn				Fyrirlögn		Skil	
Skimun – Stærðfræði												
Talnalykill 3. bekkur											Fyrirlögn	Skil
Talnalykill 6. bekkur										Fyrirlögn	Skil	
Námskeið												
Uppeldi sem virkar		X	X	X	X				X	X	X	
Uppeldi barna með ADHD	X	X	X						X	X	X	
Klókir litlir krakkar			X	X	X							
Klókir krakkar									X	X	X	
Málþroski barna 2-6 ára						X			X			
Námstefna FRÆ								X				
Fræðslu- og samráðsfundir	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Stjórnun												
Samráðsfundir fræðslusviðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Skólastjórafundir leik-/grunnskóla	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Fundir fræðsluráðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Fundir íþróttar- og tómstundaráðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Hátíðir												
Stóra upplestrarkeppnin			X									
Barnahátíð					X							
Hvatningarverðlaun					X	X						
Önnur verkefni												
Umsóknir til Jöfnunarsjóðs								X	X			
Skil á milli skólastiga					X	X		X				

Viðauki: Lykiltölur

Tafla 1. Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar*

Bekkur Árgangur	1 2013	2 2012	3 2011	4 2010	5 2009	6 2008	7 2007	8 2006	9 2005	10 2004	Samtals	Skólaárið 2018-2019
Akurskóli	27	42	37	28	28	68	56	52	49	46	433	546
Háaleitisskóli	22	22	32	30	37	40	34	28	16	23	284	298
Heiðarskóli	31	37	52	43	47	35	40	39	41	49	414	410
Holtaskóli	35	21	41	47	49	39	42	41	44	36	395	415
Myllubakkaskóli	34	46	33	38	45	25	30	42	36	40	369	352
Njarðvíkurskóli	38	29	57	49	43	36	34	37	44	38	405	405
Stapaskóli	26	26	34	24	25						135	
Samtals	213	223	286	259	274	243	236	239	230	232	2435	2426

*Tölur frá ágúst 2019

Tafla 2. Fjöldi kennara í grunnskólum Reykjanesbæjar*

Skólar	Kennarar með kennsluréttindi	Leiðbeinendur 3 og 4; háskólanám t.d. BEd, BS	Leiðbeinendur 2 eru í BEd námi	Leiðbeinendur 1	Hlutfall kennara		
					2017- 2018	2018- 2019	2019- 2020
Akurskóli	22	9	5	1	59,2%	59,3%	59,4%
Háaleitisskóli	19	11	1	2	56,0%	60,7%	57,5%
Heiðarskóli	32	2	0	5	87,2%	85,0%	82,0%
Holtaskóli	28	1	3	5	92,5%	87,5%	75,6%
Myllubakkaskóli	25	6	2	1	86,1%	75,6%	73,5%
Njarðvíkurskóli	29	11	0	2	82,5%	76,7%	69,0%
Stapaskóli	2	6	2	0			20,0%
Samtals	157	46	13	16	78%	76%	68%

*Tölur frá ágúst 2019

Tafla 3. Fjöldi nemenda í leikskólum Reykjanesbæjar

Leikskólar	Haust 2017	Haust 2018	Haust 2019
Akur	130	130	137
Garðasel	97	97	95
Gimli	81	81	83
Skógarás	57	70	80
Heiðarsel	94	92	93
Hjallatún	107	106	114
Holt	95	97	87
Tjarnarsel	80	80	78
Vesturberg	92	91	92
Völlur	108	85	97
Samtals	941	929	956

Tafla 4. Fjöldi leikskólakennara í leikskólum Reykjanesbæjar

	Leiðbeinandi	Leikskólaliði eða önnur menntun	Leikskólakennari	Hlutfall leikskólakennara með réttindi
Akur	13	16	6	17,%
Garðasel	17	3	9	31%
Gimli	9	5	8	36%
Skógarás	10	7	4	19%
Heiðarsel	12	7	9	32%
Hjallatún	21	8	7	19%
Holt	9	6	9	38%
Tjarnarsel	7	3	13	57%
Vesturberg	20	3	5	18%
Völlur	9	9	5	22%
Samtals	127	67	75	28%

Tafla 5. Nemendur og starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendafjöldi í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	917
Nemendur í forskóladeild	510
Nemendur í hljóðfæra- og söngnámi	407
Nemendur á biðlista	166
Starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	42
Stöðugildi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	31,5

Tafla 6. Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar sem búa í tví-/fjöltýngdu umhverfi í *

Skólar	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda í tví-/fjöltýngdu umhverfi	Hlutfall nemenda í tví-/fjöltýngdu umhverfi
Akurskóli	433	88	20%
Háaleitisskóli	287	133	47%
Heiðarskóli	415	68	16%
Holtaskóli	396	60	15%
Myllubakkaskóli	369	158	43%
Njarðvíkurskóli	409	99	24%
Stapaskóli	135	14	10%
Samtals	2444	620	25%

*Tölur frá september 2019

Tafla 7. Fjöldi barna í leikskólum sem búa í tví-/fjöltýngdu umhverfi*

Leikskólar	Fjöldi barna í leikskólanum	Fjöldi barna í tví-/fjöltýngdu umhverfi	Hlutfall nemenda í tví-/fjöltýngdu umhverfi
Akur	128	41	32%
Garðasel	96	22	23%
Gimli	83	6	7%
Skógarás	80	30	38%
Heiðarsel	87	24	28%
Hjallatún	114	46	40%
Holt	89	10	11%
Tjarnarsel	80	19	24%
Vesturberg	92	12	13%
Völlur	90	47	52%
Samtals	939	257	27%

*Tölur frá september 2019

Tafla 8. Árangursmælikvarðar

Hér fyrir neðan gefur að líta nokkra af þeim mælikvörðum sem þróaðir hafa verið með það fyrir augum að fylgjast með árangri á fræðsluviði.

Víðd	Hvað viljum við vita?	Hvernig mælum við það?	Hvaða mælikvarða notum við?	Hvar sækjum við gögnin?	Hve oft er mælt?	Markmið/viðmið	Niðurstaða 2017	Niðurstaða 2018	Niðurstaða 2019
Gæði þjónustu og menntunar	Hvernig er viðhorfið til þjónustunnar?	Ánægja nemenda aflestri	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,6
		Áhugi nemenda á stærðfr.	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,4	5,2
		Ánægja nemenda af náttúrufræði	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,3	5,2
		Ánægja foreldra með nám og kennslu (grunnsk.)	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3
		Ánægja foreldra með stjórnun skóla (grunnsk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	94,4%	x	93,5
		Ánægja foreldra með leikskólann	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,5%	x
		Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi (leisk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,1%	x
		Ánægja barnsins í leikskólanum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 95%	x	94,8%	x
	Hæfilegur fjöldi barna á deild (leisk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	91,6%	x	
	Hver er árangurinn, t.d. námsárangur?	Samr. próf - 4. b. ísl/stæ	0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	29,9/35,1	26,4/29,3	26,6/30,4
Samr. próf - 7. b. ísl/stæ		0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28,9/31,5	27,4/29,0	26,6/28,2	
Samr. próf - 9. b. ísl/stæ/ens		0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28/28/29,4	x/x/29,0	29,6/29,3/29,5	
Heilbrigði og velferð	Hvernig er líðan barna og ungmenna?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 vellíðunarþátta	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,4
		Líðan grunnskólanemenda í skólanum að mati foreldra	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	91,5%	x	90,1
	Hvernig er öryggi barna og ungmenna háttað?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 þátta um einelti	0-10	Skólavogin	Árlega	≤ 5	5,3	5,1	5,6
		Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 70%/60%	70,4%	x	59,9
	Hvernig er þátttaka í íþróttum (tómstundum)?	Tíðni hreyfingar (2svar í viku eða oftar)	Hlutfall	Skólavogin	Árlega	≥ 45%	40,1%	43%	38%
Ánægja foreldra með tómstundabjón/fristund		0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5	5,2	x	5,0	
Hvernig er mataræði barna háttað?	Ánægja foreldra með mótuneyti í grunnskólum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 80%/70%	81,5%	x	85,9	
Mannauður	Hvernig er viðhorf starfsfólks til starfsins?	Starfsánægja í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,4
		Starfsánægja í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,7
		Starfsandi í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	6	x	5,3
		Starfsandi í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,8
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,5
		Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,9	x	5,2
		Ánægja með kennarastarfið	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,5	x	5,2
Góð nýting fjármuna	Er rekstur innan fjárheimilda (FRÆ 04)?	Rekstrarniðurstaða m.v. Áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,5%	99,4%	99,9%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	109,4%	112,7%	130,5%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	101,2%	100,3%	103,6%
		Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,7%	99,6%	97,2%
	Er rekstur innan fjárheimilda (ÍT 06)?	Rekstrarniðurstaða m.v. Áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	98,8%	101,1%	99,1%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	105,2%	107,4%	110,4%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,1%	100,8%	99,2%
Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,8%	103,4%	102,9%		

